

Hvað er Lestrarkassinn?

Lestrarkassinn er nýjung sem við á Skólavefnum bindum miklar vonir við og trúum að geti hjálpað mörgum í að ná betri tókum á þeirri list að lesa sér til gagns og gamans. Í nútímasamfélagi reynir stöðugt á þá hæfni, hvort sem er í námi eða öðru, og eins og með allt annað þá þarf að þjálf sig í því sem maður vill gera góður í.

Lestrarkennsla og lestrarþjálfun hefur lengi verið með nokkuð hefðbundnu sniði og markviss lestrarþjálfun ekki verið í forgrunni í eldri bekkjardeildum. Nú, þegar lestur verður stöðugt fyrir aukinni samkeppni annars staðar frá, er mikilvægt að taka lesturinn föstum tókum, óháð öllum námsgreinum.

Lestrarkassinn einblínir fyrst og fremst á það að þjálf lestur og lesskilning en þar er boðið upp stigskipta lestexta úr ýmsum áttum og verkefni með þeim til að efla skilninginn. Í þessum fyrsta lestrarkassa eru fimmtíu textar. Flokkun textanna miðast fyrst og fremst við lengd, orðaforða og misþing verkefni (sjá lýsingu á flokkum).

Flokkun lestexta

1. stig	Textar þar sem reynt er að notast við styttri orð og setningar án þess þó að skerða innihaldið á nokkurn hátt. Fimm til sex spurningar með fjórum svarmöguleikum. Orðalistar fylgja.	0 – 100 orð
2. stig	Textar þar sem reynt er að notast við styttri orð og setningar án þess þó að skerða innihaldið á nokkurn hátt. Fimm til sex spurningar með fjórum svarmöguleikum. Orðalistar fylgja.	100 – 200 orð
3. stig	Óbreyttir og sérvaldir textar úr ýmsum áttum. Sjö til átta spurningar með fjórum svarmöguleikum. Orðalistar fylgja.	200 – 300 orð
4. stig	Óbreyttir og sérvaldir textar úr ýmsum áttum. Átta til tíu spurningar með fjórum valmöguleikum. Orðalistar fylgja.	300 – 400 orð
5. stig	Óbreyttir textar úr ýmsum áttum. Tíu til tólf spurningar með fjórum valmöguleikum. Orðalistar fylgja.	400 – 500 orð

Innihald textanna

Eins og áður sagði fellur þetta efni ekki beint undir neina eina námsgrein en við leggjum gríðarmikla áherslu á að allir textarnir séu bæði áhugaverðir og auki við þekkingu lesandans. Í þessum fyrsta kassa má finna texta sem falla undir landafræði, náttúrufræði, listir, heimspeki og sagnfræði svo eitthvað sé nefnt. Má auðveldlega tengja þá flesta við ákveðnar námsgreinar. Þá höfum við hugsað okkur að bjóða up á þematengda lestrarkassa í framtíðinni.

Þjálfun skilar árangri

Að undanfögnu hefur orðið mikil umræða um lestur og lesskilning í samfélaginu og virðist sem almennum lesskilningi hafi hrakað meðal nemenda þó svo taka beri allar slíkar staðhæfingar með mikilli varúð. Það breytir þó ekki því að mikilvægt er að þjálfa alla nemendur í lestri og lesskilningi, enda lestur lykilþáttur í flestu námi. Lestrarkassinn mætir nemandanum þar sem hann er staddur. Það er bara að velja stig við hæfi.

Í lestrarkassanum er boðið upp á fjölda stigskiptra lestexta sem sameina það að þjálfa almennan lestur og það að lesa sér til gagns. Textarnir eru mislangir; þeir stystu undir hundrað orðum og fara upp um hundrað á hverju stigi, en 5. og efsta stigið í þessum kassa telur texta með orðafjölda á bilinu 400-500.

Notkunarleiðbeiningar

Efnið er þannig útbúið að auðvelt er að grípa í það með litlum eða engum fyrirvara og án þess að mikið skipulag sé að baki. Við mælum þó með að notendur fylgi leiðbeiningum okkar ef ætlunin er að þjálfa sig markvisst í lestri og lesskilningi. Það ætti enda ekki að vera neinum þolraun að fara í gegnum allt ferlið þar sem allir textarnir búa yfir áhugaverðum fróðleik og eru efnislega algjörlega óháðir aldri. Þeir sem eru lengra komnir verða þá bara fljótari að fara í gegnum það. Hverjum er þó í sjálfsvald sett að velja sér þann stað sem hentar best.

Grunnaðferð

Hver lestrarkassi inniheldur fimmtíu texta sem skiptast í fimm stig og eru tíu textar á hverju stigi. Nemendur velja sér texta á því stigi sem þeir telja henta sér (sjá lýsingu hér á eftir) og prenta svo út matsblað. Athugið að hægt er að vinna hvert verkefni á tvo vegu, þ.e. annars vegar má prenta það út og leysa þannig eða vinna það gagnvirkt á Netinu. Hvor leiðin sem valin er þarf að skrá hjá sér allar niðurstöður, þannig að árangurinn sé ljós. Hér fyrir neðan má sjá einfalda nálgun sem gott er að kynna sér.

- Við byrjum á að velja texta og prenta út eða taka til matsblað.
- Skoðum orðalistann sem fylgir textanum, en á vefnum er hægt að fá orðalistann upplesinn.
- Þá rennum við lauslega yfir spurningarnar sem fylgja textanum. (Athugið að einnig er hægt að hlusta á þær upplesnar á vefnum).
- Textinn lesinn.
- Spurningum svarað.
- Niðurstöður skráðar á matsblað.
- Ákvörðun um áframhald miðast við niðurstöður síðasta texta (sjá viðmiðunartöflur).

Athugið að nú fyrsta kastið bjóðum við einungis upp á mat sem felst í fjölda réttra svara, en hugmyndin er að bæta við nýjum valmöguleika innan tíðar þar sem lesendur geta einnig valið að berjast við tíma.

Viðmiðunartöflur - Matsreglur

1. stig

Ekkert rangt svar.	Eitt til tvö röng svör.	Meira en 2 röng svör.
Þegar lesandi hefur lokið þremur textum með þessum árangri í röð er ekkert því til fyrirstöðu að fara upp á næsta stig.	Nemandi velur sér annað verkefni á sama stigi.	Ef lesandi er með meira en tvö röng svör leggjum við til að hann reyni aftur við æfinguna.

2. stig

Ekkert rangt svar.	Eitt til tvö röng svör.	Meira en 2 röng svör.
Þegar lesandi hefur lokið þremur textum með þessum árangri í röð er ekkert því til fyrirstöðu að fara upp á næsta stig.	Nemandi endurtekur æfinguna eða velur sér aðra æfingu á sama stigi.	Lesandi endurtekur æfinguna og ef sami árangur kemur út úr því gæti verið best að fara aftur á stig 1.

3. stig

Ekkert rangt svar.	Eitt til þrjú röng svör.	Meira en 3 röng svör.
Þegar lesandi hefur lokið þremur textum með þessum árangri í röð er ekkert því til fyrirstöðu að fara upp á næsta stig.	Nemandi endurtekur æfinguna eða velur sér aðra æfingu á sama stigi.	Lesandi endurtekur æfinguna og ef sami árangur kemur út úr því gæti verið best að fara aftur á stig 2.

4. stig

Ekkert rangt svar.	Eitt til fjögur röng svör.	Meira en 4 röng svör.
Þegar lesandi hefur lokið þremur textum með þessum árangri í röð er ekkert því til fyrirstöðu að fara upp á næsta stig.	Nemandi endurtekur æfinguna eða velur sér aðra æfingu á sama stigi.	Lesandi endurtekur æfinguna og ef sami árangur kemur út úr því gæti verið best að fara aftur á stig 3.

5. stig

Ekkert rangt svar.	Eitt til fimm röng svör.	Meira en 5 röng svör.
Þegar lesandi hefur lokið þremur textum með þessum árangri í röð er ekkert því til fyrirstöðu að fara upp á næsta stig.	Nemandi endurtekur æfinguna eða velur sér aðra æfingu á sama stigi.	Lesandi endurtekur æfinguna og ef sami árangur kemur út úr því gæti verið best að fara aftur á stig 4.

Matsblað

Nr.	Dags.	Heiti æfingar.	Stig.	Villufjöldi.
1	_____	_____	_____	_____
2	_____	_____	_____	_____
3	_____	_____	_____	_____
4	_____	_____	_____	_____
5	_____	_____	_____	_____
6	_____	_____	_____	_____
7	_____	_____	_____	_____
8	_____	_____	_____	_____
9	_____	_____	_____	_____
10	_____	_____	_____	_____
11	_____	_____	_____	_____
12	_____	_____	_____	_____
13	_____	_____	_____	_____
14	_____	_____	_____	_____
15	_____	_____	_____	_____
16	_____	_____	_____	_____
17	_____	_____	_____	_____
18	_____	_____	_____	_____
19	_____	_____	_____	_____
20	_____	_____	_____	_____